

Eystrahorn

3. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 20. janúar 2022

www.eystrahorn.is

25 samningar um atvinnutengda starfsemi veturinn 2021-2022



Þann 9. júlí 2021 var auglýst eftir umsóknum um gerð samninga um íshellaferðir og jöklagöngur á Breiðamerkurjökli (vestan og austan Jökulsárlóns), Falljökli/Virkisjökli og Skeiðarárjökli. Samkvæmt lögum um Vatnajökulspjóðgarð er óheimilt að reka atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðinum án tímabundins nýtingarsamnings um slíka starfsemi. Í samningnum skal setja þau skilyrði fyrir starfseminni sem talin er þörf á, m.a. vegna verndar umhverfis og öryggis gesta.

Verkefnið er þróunarverkefni og hluti af innleiðingu atvinnustefnu Vatnajökulspjóðgarðs. Mesta umfang atvinnutengdrar starfsemi innan þjóðgarðsins er hér á suðursvæði og því hefur meginþorri vinnunnar farið fram hér. Þetta er annar veturinn sem viðlíka samningar eru gerðir. Samningar

eru gerðir fyrir eitt tímabil í senn. Mikið hefur safnast í reynslubanka þjóðgarðsins og munu samningarnir bæta og efla umsóknarferlið og samningagerð vegna atvinnutengdrar starfsemi í þjóðgarðinum til framtíðar.

Alls bárust 26 umsóknir um samninga um íshellaferðir og jöklagöngur veturinn 2021 - 2022 frá fyrirtækjum, á þeim fjórum svæðum sem auglýst voru. Afgreiðslu umsókna lauk um miðjan október. Eitt fyrirtæki dró umsókn sína til baka. Öll tuttugu og fimm fyrirtækin með virka umsókn töldust uppfylla skilyrði til íshellaferða og jöklagangna að loknu mati á umsóknargögnum og fengu þau öll jákvætt svar um gerð samnings við þjóðgarðinn. Tuttugu og þrjú þeirra höfðu áður gert samning við þjóðgarðinn á síðasta tímabili, en tvö ný fyrirtæki bættust við. Sautján

fyrirtækjanna eru með lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samningar um íshellaferðir og jöklagöngur renna út 30. apríl n.k. en unnið er að auglýsingu fyrir umsóknir um starfsemi á og við skriðjökla á suðursvæði sumarið 2022.

Við, þjóðgarðsverðir á suðursvæði, fögnum yfirstandandi þróunarvinnu tengdri atvinnulífi innan Vatnajökulspjóðgarðs með það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu með gæði og öryggi í fyrirrúmi, í sátt við náttúru og samfélag. Öllum þeim sem hafa tekið þátt í eru færðar góðar þakkir fyrir sitt framlag.

*Hrafnhildur Ævarsdóttir og
Steinunn Hödd Harðardóttir,
þjóðgarðsverðir á suðursvæði
Vatnajökulspjóðgarðs*

Nálgast má blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



LEIKSKÓLABOLTI

Íþróttahúsinu Höfn:
Sunnudaga kl. 10:00-10:40
Fimmtudaga kl. 16:40-17:20

Fótbolti 13.jan 16.jan 27.jan 30.jan 10.feb 13.feb 24.feb 27.feb 10.mar 13.mar 24.mar
27.mar
Körfubolti 20.jan 23.jan 3.feb 6.feb 17.feb 20.feb 3.mar 6.mar 17.mar 20.mar 31.mar
3.apr

Námskeiðskostnaður 6000 kr.-
2016 og 2017 árgangur
Leiðbeinandi: Kristján Ebezersson

Körfuknattleiks og
Knattspyrnudeild Sindra



Körfuboltaæfingar byrja

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur
3 bekkur 14:20-15:10	7-10 bekkur 07:00 - 08:00	1-2 bekkur 13:40 - 14:20
4-6 bekkur 15:10-16:00	4-6 bekkur 14:20 - 15:10	3-4 bekkur 14:20 - 15:10
1-2 bekkur 16:00-16:40	7-10 bekkur 15:10 - 16:00	5-6 bekkur 15:10 16:00
Föstudagur	Laugardagur	7 - 10 bekkur 16:00- 17:40
7-10 bekkur 18:30 - 19:50	7-10 bekkur 14:00 - 15:00	Sunnudagur
		1-2 bekkur 11:00 - 11:40
		3-4 bekkur 11:40 12:30
		5-6 bekkur 12:30 - 13:20
		7- 10 bekkur 14:10 - 15:00


Vinavika 24 -30 janúar
iðkenndur fá þá tækifæri til þess að taka með
sér vin á æfingu

Við á Skjólgarði auglýsum eftir húsverði.

Við óskum eftir einstaklingi sem er

- Handlaginn
- Jákvæður
- Stundvís
- Með ríka þjónustulund
- Iðnmenntun er kostur.

Umsóknir og allar frekari upplýsingar fást hjá Jóhönnu Sigríði framkvæmdastjóra hjúkrunar,
johanna@skjolgardur.is eða í síma 855-2305




Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:..... HLS ehf.
Ritsjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Styrktaráskrift

Viltu styðja við útgáfu
Eystrahorns ?
Kynntu þér málið á:
[www.eystrahorn.is/
styrktaraskrift/](http://www.eystrahorn.is/styrktaraskrift/)



Bókasafn Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar auglýsir eftir bókaverði. Um er að ræða framtíðarstarf í fullt stöðugildi á bókasafni Hornafjarðar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfslýsing:

- Annast daglegan rekstur bókasafns.
- Annast bókakaup, flokkun, skráningu, frágang og útlán á gögnum safnsins.
- Safnafræðsla.
- Kemur að viðburða- og verkefnastjórnun.
- Birting pistla, greina og upplýsinga í fréttu- og samfélagsmiðlum.

Hæfni- og menntunarkröfur:

- Reynsla af starfi í bókasafni.
- BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Frekari upplýsingar gefur Eyrún Helga Ævarsdóttir í síma 4708052 eða á eyrunh@hornafjordur.is



MENNINGARMÍÐSTÖÐ
HORNAFJARÐAR

Litlubrú 2, Nýheimar – 780 Höfn – menningarmidstod@hornafjordur.is

Atvinna



Hótel Höfn auglýsir eftir laghentum og útsjónarsömum starfskrafti til að annast umsjón og viðhald fasteigna sinna.

Iðnmenntun æskileg en þó ekki nauðsynleg.

Um er að ræða fullt starf en kemur þó til greina að ráða í hálf starf.

Umsóknarfrestur er til 28. janúar

Frekari upplýsingar veita
Hanna Björg - hanna@hotelhofn.is
Vignir Már - vignir@jokullinvest.is - 8207080

Það er notalegt að finna samhug fólksins

Í október sl. ritaði ég grein í Eystrahorn og útskýrði rekstrarvanda Hafnarsóknar sem stafar af skertum tekjum um 50% og svipað má segja um rekstrarumhverfi kirkjugarðanna. Í greininni var óskað eftir stuðningi og fjárfraðlögum almennings til að hægt væri að sinna allra nauðsynlegasta viðhaldi.

Rétt og skylt er að gera sóknarbörnum og öðrum grein fyrir árangri eftir birtingu greinarinnar og ánægjulegt að geta sagt frá jákvæðum viðtökum.

Eins og staðan er í dag hafa um 30 einstaklingar lagt inn á styrktarreikninginn um 700.000- kr., í misháum upphæðum eins og gengur og gerist, og þar af nokkrum rausnarlegum. Jafnframt hafa Hirðingjarnir fært kirkjunni hvorki meira né minna en 1.000.000- kr. styrk. Jólatónleikar karlakórsins voru með óhefðbundnu sniði fyrir jól og eingöngu sendir út á netinu. Fólki voru gefnir möguleikar á frjálsum framlögum í tengslum við tónleikana og ákvað karlakórinn að afhenda kirkjunni ágóðann, 138.000 kr. Það er notalegt að finna að fólki er greinilega ekki sama um kirkjurnar okkar og þessi viðtæki stuðningur ber vitni um góðan hug íbúanna. Sama má segja um brottflutta Hornfirðinga sem lögðu verulegt framlag í söfnunina.



Fulltrúar Hirðingjanna, karlakórsins og sóknarnefndarinnar

Áfram er hægt að styrkja sóknina með framlögum því styrktarreikningurinn er alltaf til staðar

(0172-05-061552 / kt. 590169-7309).

Sóknarnefndin færir öllum þeim sem styrkt hafa söfnuðinn fyrir og nú bestu þakkir og ítrekar að hver einasta króna

kemur sér vel og fer í brýn og nauðsynleg verkefni.

Guð blessi ykkur.

F.h. Sóknarnefndar Hafnarsóknar
Albert Eymundsson

Íbúar á Skjólgarði mótmæla enn



Íbúarnir á Skjólgarði halda áfram að mótmæla seinangangi á byggingu nýs hjúkrunarheimilis.

Áætlunin var að efna til fjöldamótmæla nú í janúar en við bíðum með það þar til það er leyfilegt.

Íbúar og starfsfólk Skjólgarðs hvetja íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu til að mótmæla með sér og láta í sér heyra með einum eða öðrum hætti.

NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI STRAX

Nú styttist í bóndadaginn sem er föstudaginn 21. janúar

Þá gleðja unnustur og eiginkonur sína menn með ýmsum hætti.

Hjá okkur færð þú fallega og góða gjöf handa bóndanum og elskhuganum.

Gott rúm klikkar ekki, inniskór, margvíslegar kaffivörur, svuntur, glös og ýmislegt fleira.

Einnig höfum við töff tweed vörurnar frá þeim Kormáki og Skildi t.d. sixpensara, tölvu- og iPadtöskur, hanska, slaufur og fleira.

Verið velkomin



S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18

Menntaverðlaun Suðurlands 2021



Helgi Kjartansson varaformaður SASS til vinstri og Magnús J. Magnússon til hægri

Menntaverðlaun Suðurlands 2021 voru afhent í fjórtánda sinn fimmtudaginn 13. janúar sl. Alls bárust átta tilnefningar. Magnús J. Magnússon fyrrum skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri hlaut verðlaunin fyrir framlag sitt til eflingar leiklistarstarfs meðal grunnskólanema. Magnús hefur í áratugi stýrt leiklistarkennslu í þeim skólum sem hann hefur starfað við.

Ásamt því að vera skólastjóri, stýrði Magnús leikhópnum Lopa sem er nemendaleikhópur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Auk þess hefur hann nýtt leiklistina til að efla samskipti og samskiptahæfni í bekkjum skólans, sem hefur eftir nemendur og styrkt þá í félagsfærni og samskiptum. Þá hefur Magnús verið ein af aðal spírurum Þjóðleiks sem er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins

og margra grunn- og framhaldsskóla, menningarráða, sveitarfélaga og áhugaleikfélaga á landsbyggðinni. Hann hefur í mörgum tilfellum samið sjálfur þau leikrit sem leikhópurinn hefur sett upp og fylgt verkefnum eftir með umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands. Hefur Magnús sýnt óþrjótandi fórnfýsi hvað varðar tíma og eftirfylgni til eflingar leiklistarstarfs meðal grunnskólanema og landshlutans í heild.

Helgi Kjartansson varaformaður SASS kynnti niðurstöður úhlutunarnefndar. Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin í fjarfundu.

Um Menntaverðlaun Suðurlands

Ár hvert veita Samtök sunnlenskra sveitarfélaga Menntaverðlaun Suðurlands. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi framlag á sviði menntunar á Suðurlandi sem um leið er hvatning til frekari dáða. Allir þeir sem koma að skólastarfi með einhverjum hætti geta fengið verðlaunin; grunnskólar, leikskólar, framhaldsskólar, símenntunarmiðstöðvar, háskólastofnanir, kennarar, einstaklingar eða hópar, skólaskrifstofur, sveitarfélög/skólanefndir, foreldrafélög o.fl. Veitt eru peningaverðlaun, auk þess fylgir verðlauninum formleg viðurkenning.

Störf í boði sumarið 2022



Hótel Höfn óskar eftir því að ráða inn í eftirfarandi stöður

Þerna og þjónusta í morgunverðarsal

Hótel Höfn óskar eftir metnaðarfullum einstakling sem vill bætast í hópinn
Um er að ræða starf sem þjónn í morgunverðarsal og almenn þernustörf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka og þjónusta gesta í morgunverðarsal
- Almenn þrif á herbergjum og sameiginlegum svæðum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Almenn menntun
- Góð þjónustulund, jákvæðni og samvinna
- Íslensku og Ensku kunnátta - ensku
- Sambærileg reynsla æskileg

Þjónn á veitingastað og hópasal

Hótel Höfn óskar eftir metnaðarfullum einstakling sem vill bætast í hópinn

Um er að ræða 70%+ starf seinnipartinn og fram eftir kvöldi í veitingarsal okkar, ásamt því að þjóna í hópasal hótelsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af samskonar starfi æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni
- Íslensku og Ensku kunnátta